

við frv. til l. um heimild stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til að opna nýja lánaflokka.

Frá Karli Kristjánssyni.

1. Við 2. gr.
 - a. Í stað orðanna „og með einfaldri ábyrgð viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækis“ í 1. málsg. komi: eða öðrum tryggingum, sem metnar verða gildar, svo sem ábyrgð banka eða ríkis.
 - b. Við 3. málsg. bætist:
og séu ársvextirnir eigi hærrí en 5%.
 - c. Við greinina bætist ný málsgrein, þannig:
Fjárhæð láns hverju sinni fer eftir ákvörðun stjórnar stofnlánadeildarinnar. Séu lánin við það miðuð, að lántakandi geti greitt lausaskuldir og haldið áfram atvinnurekstri sínum, enda sé verðmæti þeirra eigna, er hann veðsetur til tryggingar láninu, nægilegt til greiðslu á því, eða aðrar tryggingar settar, er lánveitandi metur gildar.
2. Við 3. gr. Á eftir „viðskiptabanka umsækjanda“ í 1. málsg. bætist inn í greinina: ef um er að ræða.
3. Á eftir 4. gr. frv. komi tvær nýjar greinar, þannig:
 - a. (5. gr.) Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs stofnlán samkvæmt þessum lögum, allt að 25 millj. kr., sem veitt kunna að verða með sérstöku tilliti til þess að koma í veg fyrir, að atvinnufyrirtæki, sem komið hefur verið upp með atbeina sveitarfélaga til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, verði að hætta starfsemi sinni í þessum tilgangi. Ríkisábyrgð skal því aðeins veitt, að fyrir liggi meðmæli nefndar þeirrar, er úthlutar atvinnuaukningarfé samkvæmt 20. gr. fjárlaga.
 - b. (6. gr.) Stofna skal sérstaka lánadeild við Landsbanka Íslands, Seðlabankann, er nefnist stofnlánadeild landbúnaðarins. Deildin veiti lán til að bæta fjárhagsaðstöðu bænda og fyrirtækja, er eiga vinnslustöðvar fyrir landbúnaðarafurðir og skortir fé til greiðslu á lausaskuldum, er á þeim hvíla. Lánin skulu veitt gegn veði í fasteignum og búvélum bænda og fasteignum og vélum vinnslustöðva landbúnaðarins, eða öðrum tryggingum, sem metnar verða gildar. Hámarkslánstími skal vera: Lán út á fasteignir 20 ár og lán út á vélar 10 ár. Vextir skulu vera þeir sömu og af lánnum samkvæmt 2. gr., og mat á eignum fari eftir sömu reglum og þar greinir. Ákvörðun lánsupphæðar hverju sinni fer eftir ákvæðum 2. gr.
Fjár til lánveitinga samkvæmt þessari grein skal aflað á sama hátt og til lána samkvæmt 1. gr.
Ákvæði 3. gr. um sérstaka athugun á fjárhag umsækjanda, þegar þess er talin þörf, og um tímabundna stöðvun aðfarar, skulu einnig gilda um þá, er sækja um lán samkvæmt þessari grein.
4. Fyrirsögn frv. verði:
Frumvarp til laga um stofnlán hjá Landsbanka Íslands, Seðlabankanum.